



Reykjavík, 5. apríl 2024

MSS24020128

bp

Skóla- og frístundaráð

## Afgreiðslubréf: Tillaga um aukna áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar þann 27. febrúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu Andreu Sæmundsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að gera nauðsynlegar breytingar til að grunnskólar leggi meiri áherslu á nútíma samfélagsfræði í grunnskólum og þar með umfjöllun um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni frá og með hausti 2024.

Greinargerð:

Öruggt er að segja að samfélagið er mikilvægur hluti af lífi allra. Af mörgum fullorðnum er ætlast til að ungmenni viti mikið um það sem er í gangi í heiminum en ekki er mikið rætt um það í grunnskólum. Að okkar mati ætti að vera a.m.k. einn tími í viku tileinkaður samræðum um það sem er í gangi í heiminum. Þessar samræður geta ýtt undir áhuga nemenda á umheiminum og hvatt þau til að afla sér enn meiri upplýsinga um ástand jarðarinnar.

Borgarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista styður heilshugar þessa tillögu. Mikilvægt er að hún komist sem fyrst til framkvæmdar. Dæmi eru um að afgreiðsla tillagna í ráðum borgarinnar taki of langan tíma.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
e.u.



Reykjavík